



# SUÐVESTURKJÖRDÆMI

FORVAL FYRIR ALPINGISKOSNINGAR  
25. APRÍL 2009



## Til kjósenda í forvali Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi 14. mars 2009

Sveitarfélögin umhverfis Reykjavík mynda Suðvestur-kjördæmið eða Kragann. Þau eru Hafnarfjörður, Álftanes, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kjósendur í forvali Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu velji allt að sex frambjóðendur.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla skal fara fram kl. 16 – 21  
að Hamraborg 1-3 í Kópavogi þann 12. og 13. mars 2009

Kjörfundur verður haldinn 14. mars 2009 að Hamraborg 1-3 í Kópavogi, Strandgötu 11 í Hafnarfirði og Hlégarði í Mosfellsbæ kl. 10 – 22. Á hverjum kjörstað skal heimilt að kjósa utankjörfundar og geta félagsmenn VGSV því valið sér hvern þessara kjörstaða.

Kjósi menn annars staðar en hjá heimafélagi ber að meðhöndla þau atkvæði sem utankjörfundaratkvæði. Kosningarétt hafa allir félagsmenn í VGSV sem skráðir eru í svæðisfélögin 14. mars 2009.

Samkvæmt framboðsreglunum geta þeir sem eru erlendis eða úti á landi fengið sendan kjörseðil í tölvupósti samkvæmt sérstökum reglum, sjá reglur um póstkosningu neðar á síðunni.

Kosning fer þannig fram að skrifaður er tölustafur í reitinn framan við nafn þess sem kosinn er. Kjósandi merki við allt að sex nöfn. Sýnishorn af atkvæðaseðli má sjá á öftustu síðu þessa bækling.

Rita skal:

- 1 - við þann sem kjósandi vill að verði í fyrsta sæti
- 2 - við þann sem kjósandi vill að verði í öðru sæti
- 3 - við þann sem kjósandi vill að verði í þriðja sæti
- 4 - við þann sem kjósandi vill að verði í fjórða sæti
- 5 - við þann sem kjósandi vill að verði í fimmta sæti
- 6 - við þann sem kjósandi vill að verði í sjötta sæti

Niðurstaða forvalsins verður kynnt svo fljótt sem verða má á kosningavöku VGSV sem auglýst verður sérstaklega.

Kjörstjórn VGSV í forvalinu 14. mars 2009 skipa:

Guðný Dóra Gestsdóttir formaður  
Birna Ólafsdóttir ritari  
Gísli Snorrason  
Jón Páll Hallgrímsson  
Steinar Lúðvíksson

---

### Reglur vegna póstkosningar í forvali VGSV vegna Alþingiskosninga 2009

Kjörstjórn VGSV hefur ákveðið að félagsmenn erlendis eða úti á landi geta fengið kjörseðil sendan í tölvupósti ef þeir óska þess. Um slíka póstkosningu skal fara samkvæmt þessum reglum:

Félagsmenn VGSV geta óskað eftir að fá kjörseðil sendann í tölvupósti.

Ósk um að fá kjörseðil sendan skal berast í netfangið [vg@vg.is](mailto:vg@vg.is).

Þegar kjörseðill berst skal viðtakandi prenta hann út og ganga frá kosningu sinni.

Kjörseðillinn skal lagður í ómerkt umslag sem síðan er sett í annað umslag merkt á eftirfarandi hátt:

Vinstrihreyfingin – grænt framboð  
b.t. kjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi  
Pósthólf 175  
121 Reykjavík

Kjósandi skal jafnframt skrifa nafn sitt og kennitölu yfir flipa ytra umslagsins.

Atkvæðið skal sent kjörstjórn merkt eins og að framan greinir og skal hafa borist kjörstjórn fyrir lokun kjörfundar 14. mars 2009.

## TIL FÉLAGA Í VINSTRIHREYFINGUNNI – GRÆNU FRAMBODI Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

*Ágætu félagar!*

Forval Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi eða Kraganum vegna Alþingiskosninganna 2009 fer fram þann 14. mars. Í þessum bæklingi eru 15 frambjóðendur kynntir og fá kjósendur tækifæri til að kjósa allt að sex frambjóðendur sem þeir telja að eigi að leiða listann í kjördæminu. Þátttakan í forvalinu er mikil og til marks um þann mikla meðbyr sem flokkurinn hefur um þessar mundir.

Forval sem þetta er flókin en mikilvæg félagsleg aðgerð. Það reynir á alla sem að koma. Bæði frambjóðendur og þá féлага í VG sem ákveða að nýta sér kosningarétt sinn. Kjörstjórn hvetur alla til að taka höndum saman um að sem best takist til og að forvalið verði öllum sem að því koma til sóma.

Kosningabaráttan framundan verður stutt og snörp. Nú þurfa allir að leggjast á eitt og leggja baráttunni lið. VG þarf á öllum fúsum höndum að halda til að tryggja öfluga útkomu í Alþingiskosningunum í vor.

Kjörstjórn VGSV óskar öllum frambjóðendum góðs gengis og hvetur féлага í svæðisfélögum VG í kjördæminu til að nýta sinn lýðræðislega rétt og kjósa í forvalinu.

Guðný Dóra Gestsdóttir  
*formaður kjörstjórnar VGSV*

[kjorstjornvgsv@gmail.com](mailto:kjorstjornvgsv@gmail.com)



## **EINAR ÓLAFSSON**

**BÓKAVÖRÐUR**

**FÆDDUR 11. SEPTEMBER 1949**

5.-6. SÆTI

Einar er bókavörður í Borgarbókasafninu í Reykjavík. Hann hefur verið virkur á vinstri væng stjórnmalanna síðan um 1970, í Fylkingunni meðan hún starfaði, ýmsum andheimsvaldasinnuðum samtökum, Samtökum hernaðarandstæðinga og Vinstri grænum frá stofnun flokksins. Hann hefur verið virkur í starfi Rithöfundasambandsins og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og sat um skeið í stjórn BSRB. Hann hefur fengist við ritstörf og gefið út ljóðabækur og fleira. Einar er kvæntur Guðbjörgu Sveinsdóttur geðhjúnunarfræðingi og á þrjú uppkomin börn.

Þau atriði sem Einar leggur áherslu á eru:

Við berum ekki ábyrgð á kreppu auðvaldsins. Virkt og beint lýðræði þarf að styrkja og uppræta arðránskerfi auðvaldsins. Verjum kjörin og atvinnuna, endurheimtum ránsfenginn. Almenninur taki ekki á sig byrðar meðan aðrir sleppa. Bankana í almannaeigu – gegnsæi í fjármálakerfinu. Stöðvum einkavæðingu í almannabjónustu – auðlindir í þjóðareign. Fleiri fyrirtæki í almannaeigu, verjum athafnafrelsi einstaklinga og almennings gegn stórfyrirtækjum, samvinnu ekki síður en samkeppni. Styttum vinnutímann – verjum réttinn til letinnar. Alþjóðahyggja – alþjóðleg samvinna og viðskipti taki mið af hagsmunum almennings. Ísland verði friðlýst fyrir geryðingarvopnum – Ísland úr NATO. Kapítalískar stórríkislausnir Evrópusambandsins eru úreltar.

# ÖGMUNDUR JÓNASSON

RÁÐHERRA

FÆDDUR 17. JÚLÍ 1948

2. SÆTI



Ögmundur er kvæntur Valgerði Andrésdóttur, erfðafræðingi sem starfar við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Þau eiga þrjú börn: Andrés (f. 1974), verkfræðingur og starfar í Noregi, Guðrún (f. 1979), viðskiptafræðingur, starfar í Seðlabanaka Íslands og Margrét Helga (f. 1981), líffræðingur, stundar framhaldsnám í Oxford í Englandi.

Ögmundur er stúdent frá MR og með M.A.-próf í sagnfræði og stjórnmálafræði frá Edinborgarháskóla í Skotlandi.

Hann hefur sinnt ýmsum störfum og jafnan látið verkalýðsmál til sín taka; var formaður Starfsmannafélags Sjónvarps um árabíl þar til hann varð formaður BSRB árið 1988. Hann hefur átt sæti í nefndum og ráðum innlendum og erlendum og situr nú í stjórn Norrænu verkalýðssamtakanna, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga og Alþjóðasambands starfsfólks í almannaþjónustu. Ögmundur hefur verið þingmaður frá árinu 1995 og heilbrigðisráðherra frá síðustu stjórnarskiptum.

Ögmundur telur brýnustu hagsmunamál sem við nú stöndum frammi fyrir vera þau að komast í gegnum kreppuna með því að tryggja grundvöll velferðarkerfisins eins og aðstæður framast leyfa, sporna gegn atvinnuleysi, stuðla að jöfnuði, félagslegu réttlæti, jafnrétti, þjóðareign á auðlindum og umhverfisvernd. Hann heitir því að leggja sig allan fram í baráttu fyrir þessum markmiðum.



## **ÞÓRIR STEINGRÍMSSON**

**RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR**

**FÆDDUR 24. ÁGÚST 1946**

**3.-4. SÆTI**

Þórir er rannsóknarlögreglumaður, í sambúð með Margréti Sigurðardóttur. Hann á fjóra syni.

Þórir hefur tekið mikinn þátt í stéttarbaráttu og gegnt trúnaðarstörfum í ýmsum félagasamtökum og er nú formaður Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna, formaður trúnaðarmannanefndar Landssambands lögreglumanna, öryggistrúnaðarmaður starfsmanna lögreglustjórans áhöfuðborgarsvæðinu, í stjórn Starfsmannafélags lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, formaður Heilaheilla, situr sem gjaldkeri í framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar, er varafulltrúi Sjálfsbjargar í stjórn Öryrkjabandalagsins og er varaformaður Hollvina Grensásdeildar. Þá situr hann í samráðshópi samtaka taugasjúklingafélaga, Samtaugar, í tengslum við Landspítalann og heilbrigðisráðuneytið.

Þórir hefur verið félagi í VG Kópavogi frá 2001. Hann er þekktur fyrir baráttu sína fyrir bættum kjörum fatlaðra og öryrkja, sérstaklega er snýr að notendastýrðri þjónustu. Hefur hann vakið athygli á formennsku sinni í Heilaheill og aðstöðu fatlaðra og lagt á það áherslu að stöðu öryrkja þarf að breyta, ekki bara hjá stjórnvöldum, heldur líka meðal öryrkja sjálfra.

Þá hefur Þórir víðtæka reynslu í lögreglunni sem gefur honum góða innsýn í samfélagið og telur að þar megi ýmislegt bæta.

## MIREYA SAMPER

MYNDLISTAKONA

FÆDD 9. ÁGÚST 1964

3. SÆTI



Mireya er myndlistarkona að mennt, en fæst einnig við kvikmyndagerð hérlendis sem erlendis. Hún hefur búið víðs vegar um heiminn og stundað nám og fjölbreytt störf. Mireya hefur lengi verið virk í stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Kópavogi og undan farin þrjú ár verið formaður þess félags. Hún býr með Víði Árnasyni og á eina dóttur sem er 13 ára og heitir Asra Rán Björt Zawarty Samper.

Mireya vill berjast fyrir lýðræði, jafnrétti, breyttri stjórnsýslu og öflugum velferðarkerfi þar sem þarfir hvers og eins eru hafðar í fyrirrúmi. Að mannréttindi, kvenfrelsi og réttlæti sé virkt ekki bara í orði heldur á borði og í verki.

Náttúruvernd og nýsköpun er það sem íslensk þjóð verður að sinna núna af fullum krafti auk þess að hugsa betur bæði um börnin sín og eldri borgara. Þá vill Mireya að Íslendingar sanni og sýni fordæmi fyrir því að Ísland hefur alla kosti fram yfir mörg önnur lönd til að framleiða eingöngu lífrænt ræktaða vöru hvort sem um er að ræða kjöt eða grænmeti. Þetta er gjöf náttúru Íslands sem ber að virða og þiggja.

Sem leiðsögumaður til 10 ára gafst Mireyu tækifæri til að kynnst vel Íslandi og perlum þess til hins ýtrasta. Öðlast þekkingu á þeim náttúru perlum sem Ísland hefur að geyma. Þessar perlur eru auðlindir sem ber að virða, passa og nýta en með varfærni.



## **GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

**FRAMKVÆMDASTJÓRI**

**FÆDD 10. JANÚAR 1972**

**1. SÆTI**

Guðfríður Lilja er með B.A.-próf í sagnfræði frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og mastersgráðu í heimspeki frá Cambridge-háskóla í Bretlandi. Hún bjó erlendis í níu ár og starfaði víða í Evrópu, m.a. að innflytjendamálum. Árið 2001 hóf hún störf sem sérfræðingur á alþjóðasviði Alþingis og framkvæmdastjóri þingmannanefndar um norðurskautsmál. Guðfríður Lilja bauð sig fram til Alþingis vorið 2007 og er varapingmaður VG í Suðvesturkjördæmi. Hún vinnur núna sem framkvæmdastýra þingflokks Vinstri grænna. Undanfarin misseri hefur Guðfríður Lilja skrifað fasta pistla í Morgunblaðið, Viðskiptablaðið og DV og á sér þann draum að verða skáld þegar aldurinn færist yfir. Guðfríður Lilja er margfaldur Íslandsmeistari kvenna í skák og fyrsta konan sem gegnt hefur embætti forseta Skáksambands Íslands og Skáksambands Norðurlanda. Guðfríður Lilja býr í göngufæri við Alþingi Íslendinga ásamt sambýliskonu sinni Steinunni H. Blöndal ljósmóður og þær eiga von á sínu fyrsta barni í apríl nk.

Íslendingar hafa alla burði til að byggja upp bjarta framtíð. Við njótum þeirra forréttinda að vera fámenn og frjálsslynd og getum sem þjóð auðveldlega sameinast þegar mikið liggur við – unnið lítil og jafnvel stór kraftaverk ef því er að skipta og virkjað okkur sjálf til góðra verka. Nú liggur mikið við og stjórnvöld mega ekki bregðast. Róttæk félagshyggja, samfélag jöfnuðar þar sem allir skipta máli og verndun stórbrotinnar náttúru eiga að vera lifandi leiðarljós inn í framtíðina. Skyndilausnir tilheyra fortíðinni og markmiðin fram á við verða að vera skýr og raunhæf. Uppræta þarf spillingu og ólýðræðisleg vinnubrögð og svara kalli tímans um nýja stjórnarhætti. Forgangsverkefni næstu missera liggur fyrir: Að bjarga heimilunum í landinu og tryggja fjölbreytt atvinnulíf kvenna jafnt sem karla, með sjálfbæra þróun og réttlátt lýðræðislegt samfélag í forgrunni.

Guðfríður Lilja býður sig fram til að vera í forystu þeirrar afdrifaríku baráttu sem framundan er.

# SIGURJÓN EINARSSON

KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

FÆDDUR 7. OKTÓBER 1960

4. SÆTI



Sigurjón Einarsson er fæddur og uppalinn í Reykjavík, giftur Margréti Karítas Björnsdóttur og eiga þau þrjú börn, lðunni f. 1980, Einar f. 1984 og Hörpu f. 1987.

Fjölskyldan hefur búið í Noregi frá árinu 1987 og hefur Sigurjón starfað við kvikmyndagerð og markaðsmál í tengslum við tónlist.

Sigurjón tók þátt í stofnun fyrstu frjálsu sjónvarpstöðvarinnar í Noregi árið 1988 og við uppbyggingu hennar næstu ár þar á eftir. Hann hefur framleitt fjölda sjónvarpsþátta fyrir norskt sjónvarp og hefur ferðast víða um heim í þeim tilgangi. Síðustu ár hefur Sigurjón unnið að heimildarmyndagerð samfara því að vinna með og greiða götur norskra tónlistarmanna á alþjóðlegum vettvangi.

Hann hefur auk þess sinnt ýmsum pólitískum áhugamálum meðal annars var hann virkur í sjálfstæðisbaráttu Austur-Tímorbúa á níunda áratugnum, og starfaði náið með Jose Ramos Horta, friðarverðlaunahafa Nóbels og núverandi forseta Austur-Tímor. Frá því að Austur-Tímor fékk sjálfstæði sitt árið 2002 hefur Sigurjón unnið með yfirvöldum á Austur-Tímor að einstökum málum tengdum enduruppbyggingu landsins.

Síðasta ár hefur Sigurjón meðal annars unnið við gerð heimildarmyndar um Makedóníu sem fjallar um deilu Makedóníumanna og Grikkja. Hann hefur áhuga á málefnum Balkanskagans og mikilvægi þess að verja friðinn á þessu fyrrum átakasvæði.

Sigurjón leggur mesta áherslu á jafnréttis-, umhverfis- og atvinnumál. Hann telur einnig mikilvægt að efla norrænt samstarf sem getur átt veigamikinn þátt í því endurnýjunar og uppbyggingarstarfi sem þjóðin á fyrir höndum.



## **GUÐMUNDUR AUÐUNSSON**

**STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR**

**FÆDDUR 28. OKTÓBER 1963**

**3.-4. SÆTI**

Guðmundur er alinn upp á Álftanesi og í Reykjavík en hefur búið að mestu erlendis síðan 1991. Hann er með meistaraþráðu í alþjóðahagfræði og alþjóðastjórnámálum frá Johns Hopkins háskólanum í Bandaríkjunum. Stúdent frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti 1984, BA í stjórnmálafræði frá HÍ 1991. Eftir háskólanám hefur Guðmundur starfað innan hugbúnaðar- og fjarskiptageirans í Washington DC, Singapore og London. Hann er nú framkvæmdastjóri Snertu UK í London. Guðmundur var áður framkvæmdastjóri Amnesty International á Íslandi og kosningastjóri Alþýðubandalagsins í Kópavogi 1991. Oddviti Félags vinstrimanna í Stúdentaráði Háskóla Íslands 1985-1987, tilnefndur í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1986 og sat í stjórn SHÍ. Formaður FVM 1988 og stofnfélagi Röskvu. Guðmundur sat í framkvæmda- og miðstjórn Alþýðubandalagsins, í stjórn Æskulýðsfylkingar Alþýðubandalagsins og í stjórn Æskulýðssambands Íslands. Guðmundur er stofnfélagi VG og er félagi í Kópavogi. Hann var einn af frumkvöðlum indence.is herferðarinnar sl. haust þar sem yfiringangi breskra stjórnvalda gegn Íslendingum var mótmælt. Guðmundur er kvæntur hinni bandarísku Betsy Goldstein þróunarráðgjafa í Afríku. Guðmundur á þrjá syni, Einar Óla, verkfræðinema í Reykjavík, Ísak Irving 6 ára og Kolmar Leigh 2 ára.

Guðmundur leggur áherslu á nauðsyn þess að byggja upp nýtt samfélag á þeim rústum sem frjálshyggjan hefur skilið eftir sig. „Nú er lag að stofna nýtt og réttlátt samfélag byggt á jöfnuði og réttlæti. Auk þess að hafa starfað mikið að félagsmálum þá hef ég búið lengi erlendis. Tel ég það kost að fólk sem ekki hefur verið í hringiðu stjórnmála seinustu ára komi inn með nýtt og ferskt sjónarhorn,“ segir Guðmundur.

# ANDRÉS MAGNÚSSON

GEÐLÆKNIR

FÆDDUR 15. NÓVEMBER 1956

3.-6. SÆTI



Andrés hefur m.a. starfað sem kennari, læknir og prófessor við erlendan háskóla og hefur því langa reynslu af að tala við fólk, vinna úr flóknum upplýsingum, og setja mál sitt fram á skiljanlegan hátt. Andrés er giftur og á fjögur börn.

Á umliðnum árum hafa „útrásarvíkingar“ tekið að láni upphæð sem svarar til 140 milljónum króna á hverja fjölskyldu í landinu. Fénu var fyrst og fremst varið til áhættufjárfestinga. Áður en blaðran sprakk var drjúgum skildingi komið undan með arðgreiðslum, ofurlaunum og bókhaldsloftfímleikum. Íslenskur almúgi er nú að reyna að vinda ofan af þessum skuldum með því að herða sultarólina. Vandinner bara sá að það dugar hvergi til. Upphæðirnar sem almenningur og hið opinbera geta skrapað saman eru skoplitlar miðað við upphæðirnar í heimi „lántökuvíkinganna“. Því er eina færa leiðin sú að ná auðnum aftur frá lántökuvíkingunum, enda ætti það að vera hægur vandi þar sem slóð þeirra er vörðuð lögbrotum. Hins vegar miðar rannsókn bankahrunsins það hægt að allar sakir verða fyrndar áður en næst að dómtaka þær. Þessu verður að breyta.

Andrés hefur fengist við félagsmál frá blautu barnsbeini, en þó aldrei komið að stjórnámálum áður. Hann valdi að ganga í lið með Vinstri grænum þar sem þau eru meðal þeirra fáu stjórnálasamtaka sem ekki eru of tengd bankaútrásinni til þess að geta farið í uppgjör við hana. Þá hafa Vinstri græn, einn stjórnámaflokka, alltaf haft á stefnuskrá sinni að setja alþjóðlegri spákaupmennsku skorður.



## **KARÓLÍNA EINARSDÓTTIR**

**LÍFFRÆÐINGUR**

**FÆDD 9. JÚNÍ 1980**

**3.-4. SÆTI**

Karólína er líffræðingur og starfaði hjá Landgræðslunni, LSH, LBHÍ og síðast á Veiðimálastofnun. Auk þess hefur hún unnið á leikskóla og við ýmsa þjónustu. Nú er hún í fæðingarorlofi og námi við HÍ. Sambýlismaður Karólínu heitir Ásgeir Ástvaldsson og eiga þau tvær dætur.

Karólína hefur verið í VG frá upphafi og gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum. Hún sat í landsstjórn flokksins 2001-2005 og gegndi stöðu ritara bæði í stjórn kjördæmisfélags VG á Austurlandi 2000-2002 og stjórn UVG 2002-2004. Þá skipaði hún 4. sæti á lista VG á Austurlandi 1999 og 8. sæti á lista VG í NA-kjördæmi 2003.

Íslensk þjóð er í molum eftir 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Í skjóli frjálshyggju fékk siðleysi og græðgi að vaða uppi og þjóðin var veðsett í topp svo auðmenn gætu spilað fé í tvísýnu. Við uppbyggingu hins nýja Íslands er brýnt að hafa önnur viðmið að leiðarljósi.

Karólína leggur mikla áherslu á að byggja nýtt samfélag á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem umhverfi, efnahagur og samfélagið allt er ekki slitið úr samhengi. Bætt siðferði, aukið lýðræði og jafnrétti og virðing fyrir manneskju og umhverfi eru gildi sem leggja á til grundvallar í slíku samfélagi.

Helstu baráttumál Karólínu eru menntamál og málefni barna, velferðarmál, jafnréttismál og umhverfismál.

# ÁSA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR

HÉRAÐSPRESTUR

FÆDD 28. APRÍL 1965

3.-4. SÆTI



Ása Björk er héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi og stundar meistaranám í guðfræði. Hún er fædd í Færeyjum, ólst að mestu leyti upp í Reykjavík utan fimm ára í Neskaupsstað. Ása Björk lærði fatahönnun í Lundúnum, lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskólanum 1992 og kennsluréttindanámi frá Háskóla Íslands 1994. Hún kenndi í tíu ár, mest í sérkennslu. Ása Björk lauk kandidatsprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands árið 2005 og vígðist sem prestur sama ár. Hún var formaður Félags guðfræðinema í tvö ár og formaður í Kirkju- og kapellunefnd sama félags í eitt ár. Ása Björk á þrjú börn.

Ása Björk er í stjórn Lúðrasveitar Verkalýðsins. Hún hefur verið virkur meðlimur Samráðsveitvangs trúfélaga á Íslandi og unnið þar að fræðslu- og upplýsingamálum.

Ása Björk leggur áherslu á velferðarmál heimilanna og sérstaklega þá ábyrgð að hlúa að börnum á erfiðum tímum. Þar skipta menntun og menning miklu máli, en einnig fyrirmyndirnar og jafnrétti. Sáttir foreldrar rækja uppeldishlutverk sitt betur á sama tíma og atvinnuleysi hefur áhrif á sjálfsmynd og stöðu þeirra.

Viðreisn efnahags- og atvinnukerfisins þarf að byggja á gagnsæi og heiðarleika þar sem rými er fyrir nýsköpun. Efling mannvirðingar og manngildis er einn þáttur þess að nýta þann mannað sem við búum yfir sem þjóð.



## **KARL S. ÓSKARSSON**

**SÖLUSTJÓRI**

**FÆDDUR 5. MAÍ 1967**

**4.-5. SÆTI**

Karl Steinar er fæddur á Suðureyri við Súgandafjörð. Þar bjó hann og starfaði fyrstu 20 árin en hefur síðan búið að mestu í Hafnarfirði en síðustu fjögur árin í Kópavogi. Karl Steinar er með B.Sc.- gráðu í eldisfræði frá Háskólanum í Sogndal í Noregi.

Hann hefur starfað í sjávarútvegi í meira en 10 ár, mest sem sjómaður. Frá 1998 hefur hann starfað hjá Samskiptum sem framkvæmdastjóri, Norðlenska ehf. sem sölustjóri og síðan 2004 hjá Ingvari Helgasyni ehf. Karl Steinar hefur því góða innsýn í atvinnulíf Íslendinga. Eiginkona Karls Steinars er Heiða Björk Egilsdóttir kennaranemi. Saman eiga þau Arney 6 mánaða og Hrafney 3 ára. Fyrir á Karl Steinar, Guðjón Óskar 12 ára og Lovísu Kristínu 17 ára.

Karl Steinar er í landbúnaðar- og sjávarútvegshópum fyrir VG. Hann er fulltrúi VG Kópavogi í kjördæmaráði og á landsfundi. Karl Steinar leggur áherslu á atvinnumál og velferð fjölskyldunnar. Brýnt er að koma þjóðarskútunni aftur á réttan kjöl. Mikilvægast af öllu er að koma fótum undir atvinnulífið og heimilin. Lækka þarf vexti hratt og ná þarf sátt um að afnema verðtrygginguna. Tekjur ríkisins þarf að auka og samtímis þarf að draga úr kostnaði. Styrkja verður íslenska framleiðslu, ferðaþjónustu og nýsköpun hvers konar og tryggja þannig næga atvinnu og stöðugleika um ókomna framtíð.

# MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR

VERKAKONA

FÆDD 3. NÓVEMBER 1966

3. SÆTI



Magga Pé, eins og Margrét er kölluð, hefur allt sitt líf unnið hefðbundin umönnunarstörf, en kýs að kalla sig verkakonu sem hún skilgreinir sem ómenntaða konu sem vinnur láglaunastörf.

Margrét hefur verið áberandi í búsáhaldabyltingunni og vill fylgja henni eftir inni á þingi. Hún talaði á borgarafundi í Háskólabíói í nóvember, hélt ræðu á Arnarhóli 1. desember og klæddi stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli í bleik klæði. Margrét var ein af stofnendum Sólar í Straumi sem börðust gegn stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Jafnframt hefur Margrét verið virk í Femínistafélagi Íslands frá stofnun þess og sat jafnréttisþing Sameinuðu þjóðanna árið 2005 fyrir félagið. Hún hefur verið í stjórn VG í Hafnarfirði frá síðustu sveitastjórnkosningum og setið í lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar frá sama tíma ásamt því að vinna fyrir flokkinn að ýmsum störfum.

Margrét býr með Sigurði Magnússyni matreiðslumanni. Eiga þau saman börnin Sigurð Andrés 14 ára, Diljá Rögn 7 ára, og Margrétu Finnu 7 mánaða. Börnin hafa öll fæðst heima enda foreldrarnir áhugasamir um heimafæðingar.

Áherslumál Margrétar eru mörg grunnmálefni VG, t.d. lýðræðis- og jafnréttismál, umhverfis- og verkalyðsmál með áherslu á réttindi láglaunafólks. Málefni barna eru henni hjartfólgin en einnig öll önnur mál sem lífið hefur upp á að bjóða. Margrét mun beita sér fyrir því að lýðræðinu verði gert hærra undir höfði en verið hefur og berjast fyrir því að stjórnlagabingi verði komið á sem fyrst. Hún mun halda í heiðri þann eið sem alþingismenn sverja þ.e. að fylgja sinni eigin sannfæringu í meðferð mála innan þingsins.



## **ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON**

**ÖLDRUNARLÆKNIR**

**FÆDDUR 17. JÚLÍ 1963**

**3.-4. SÆTI**

Ólafur er öldrunarlæknir og bæjarfulltrúi. Kvæntur Elínborgu Bárðardóttur og eiga þau þrjá syni.

Hann hefur starfað að málefnum aldraðra síðastliðin 14 ár aðallega við endurhæfingu og líkamsrækt eldra fólks, auk starfa á hjúkrunarheimilum. Ólafur hefur verið bæjarfulltrúi frá 2006 og m.a. barist fyrir því að sjálfsögð þjónusta bæjarins sé ekki gerð að markaðsvöru með gróðasjónarmið í huga. Það þarf að efla sveitarfélögin til að sinna vel þeim verkefnum sem þeim eru falin, nærþjónusta á að vera á þeirra hendi.

Ólafur vill standa vörð um velferðarþjónustu og tryggja að það öryggi, sem felst í traustu samfélagi byggðu á samtryggingu og jafnrétti, nái til allra.

Fjöldi fólks stendur frammi fyrir því að missa heimili sín, og að eignir þess verði að engu. Þær fjölskyldur sem eiga minnstu eignirnar og hafa lægstu tekjurnar verða að ganga fyrir með öll úrræði. Hátekjufólk með góða eignastöðu þarf ekki á hjálp opinberra aðila að halda eða á niðurfellingu skulda. Ábyrgð þeirra sem komu okkur í þá stöðu sem við erum í er mikil og við þurfum að sjá til þess að þeir axli hana.

Við uppbyggingu samfélagsins á að hlusta á raddir fólksins og bæta aðkomu þeirra að ákvörðunum. Með samstilltu átaki getum við komist upp úr þeim öldudal sem við erum í. Virkjum þjóðina.

# KOLFINNA BALDVINSDÓTTIR

FJÖLMIÐLAKONA

FÆDD 6. OKTÓBER 1970

3. SÆTI



Kolfinnu þekkjum við best úr fjölmiðlaheiminum en hún hefur lengi vel starfað sem blaðamaður, bæði við sjónvarp og prentmiðla. Kolfinna er með M.A.-próf í samtímasögu frá Bandaríkjunum og LLM- gráðu í alþjóðalögum og alþjóðasamskiptum. Hún starfaði í nokkur ár fyrir framkvæmdastjórn Evrópusamandsins, en fór svo til Kosovo þar sem hún vann verkefni til uppbyggingar landsins eftir stríð undir stjórn Evrópusambandsins. Hér heima hefur hún m.a. fengist við heimildarmyndagerð og haldið úti sjónvarpsþætti á ÍNN. Kolfinna er formaður Landnemans, samtaka áhugafólks um innflytjendamál og situr í stjórn Varmársamtakanna. Hún er móðir tveggja barna, Starkaðar (18) og Magdalenu (14) og býr í Mosfellsbæ.

Kolfinna hefur ákveðið að vinna að sínum hugsjónum á vettvangi Vinstri grænna, sem hún telur vera opinn og lýðræðislegan flokk með sterk tengsl við sína grasrót, enda þarf hin hefðbundna vinstristefna á kröftum allra að halda nú þegar frjálshyggjan hefur skilið við.

Kolfinna vill taka þátt í að byggja upp nýtt og betra samfélag félagshyggju á rústum frjálshyggjunnar. Allar hennar ákvarðanir byggja á þeirri grundvallarlíffssýn að engum skuli mismunað út frá auði, stétt, kynferði, litarhafti eða þjóðerni. Samfélag jöfnuðar er draumsýn Kolfinnu, í sambandi manns og náttúru, opins markaðar og velferðar, borgar og landsbyggðar. Jafnvægi í samfélagi þjóðanna er Kolfinnu hugleikið, en samstarf þjóða telur hún vera grunninn að betri heimi.

Þær róttæku þjóðfélagsumbætur sem framundan eru kalla á endurskipulagningu á innviðum okkar lýðræðis. Kolfinna býður fram krafta sína, reynslu og þekkingu, á þeim samstarfsvettvangi sem VG er, þar sem opin og lýðræðisleg umræða á sér stað um framtíð okkar samfélags.



## KRISTJÁN HREINSSON

SKÁLD

FÆDDUR 7. JANÚAR 1957

3.-4. SÆTI

Kristján Hreinsson ólst upp í Kópavogi, fór í MH og síðan í Háskólann í Bergen. Í dag býr hann ásamt tveimur sonum mínum, Pétri og Baldri, í Skerjafirðinum.

Kristján var um tíma ritari og síðar formaður borgarmálaráðs VG, sat sem varamaður í Vesturbæjarráði, var lengi stjórnarmaður í hverfisfélagi Skerfirðinga, varamaður í stjórn Skáksambands Íslands, varaformaður Félags tónskálda og textahöfunda og varamaður í stjórn STEFs. Þá sat hann um tíma í stjórn knattspyrnudeildar Breiðabliks, í stjórn Skákdeildar KR, í fulltrúaráði STEFs og sat um árabíl í stjórn Bandalags íslenskra listamanna.

Síðustu 20 árin hefur Kristján starfað sem skáld og hefur tekið virkan þátt í þjóðmálaumræðu, hefur verið ötull talsmaður velferðarmála, félagshyggju, jafnréttis, kvenfrelsis, náttúruverndar og baráttu gegn spillingu. Hann hefur skrifað fjölda greina um gagnsæi, aukinn jöfnuð, nýjar leiðir í atvinnumálum og yfirleitt allt sem hægt er að telja þjóðinni til hagsbóta. Auk þess sem hann hefur aldrei hikað við að gagnrýna það sem betur hefur mátt fara.

Kristján vill að stjórnámálamenn beri ábyrgð á orðum sínum og gjörðum og að bitlingaþólitík og einkavinavæðing heyri sögunni til. Hann vill að þjóðin öll njóti ávaxta auðlinda sinna – öflug, sjálfstæð, íslensk þjóð.

# Atkvæðaseðill

í forvali Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi 14. mars 2009

Kosning fer þannig fram að skrifaður er tölustafur í reitinn framan við nafn þess sem kosinn er, merkt skal með tölustafnum 1 við þann sem þú vilt sjá í fyrsta sæti, 2 við þann sem þú vilt sjá í öðru sæti og svo framvegis. Merkja má við allt að 6. Seðillinn er gildur þó merkt sé við færri.

Samkvæmt reglum um forvalið eru nöfn frambjóðenda birt í slembiröð.

	Einar Ólafsson bókavörður
	Ógmundur Jónasson ráðherra
	Þórir Steingrímsson rannsóknarlögregluáður
	Míreya Samper mynlistakona
	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir framkvæmdastýra
	Sigurjón Einarsson kvikmyndagerðarmaður
	Guðmundur Auðunsson stjórn málafræðingur
	Andrés Magnússon geðlæknir
	Karólína Einarisdóttir líffræðingur
	Ása Björk Ólafsdóttir héraðsprestur
	Karl S. Óskarsson sölustjóri
	Margrét Pétursdóttir verkakona
	Ólafur Þór Gunnarsson öldrunarlæknir
	Kolfinna Baldvinsdóttir fjölmiðlakona
	Kristján Hreinsson skáld





vg@vg.is  
www.vg.is